

# 19. Fundur í nefnd um málefni fatlaðra

Haldinn mánudaginn 16. Mars 2015 kl. 18.00 að Silfurgötu 18.a

**Mætt voru:** Hafrún Bylgja Guðmundsd formaður, Anna Sigríður Traustadóttir, Högni Högnason, Baldur Þorleifsson og Helga Guðmundsdóttir er ritaði fundargerð. Bogi Thor Bragason boðaði forföll og var Baldur Þorleifsson boðaður í hans stað.

## 1. Tillaga að upplýsingum um þjónustu við fatlaða á heimasíðu bæjarins.

### Félags og skólaþjónustan / Úrræði í boði.

1. Ráðgjafa þjónusta.
  1. Ingveldur Eyþórsdóttir félagsráðgjafi sér um málefni fatlaðra.
  2. Hanna Jónsdóttir Þroskaþjálfari sér um örorkuvinnusamningar.
2. Sálfræðiþjónusta.
  1. Emil Einarsson
3. Heimaþjónusta.
4. Liðveisla.
5. Frekari liðveisla.
6. Helgarvistun í Borgarfirði eða Reykjadal.
7. Stuðningsfjölskyldur.
8. Vinnustofudagþjónusta, Ásbyrgi opið alla virka daga frá 8-16.
9. Úrræði fyrir Fjölbrautskóla nemendur ef kennsla fellur niður.
10. Búsetuþjónusta er í vinnslu.
11. Símenntunarmiðstöð Vestulands sér um námskeið fyrir 16 ára og eldri, félags og skólaþjónustan hefur ráðið starfsmann með á námskeiðin.
12. Sumarþjónusta fatlaðra.

**Ásbyrgi** dagþjónusta og vinnustofa fyrir fatlað fólk með skerta starfsgetu

**Skólastíg 11**

**340 Stykkishólmi**

**S: 430 7809**

Í Ásbyrgi er rekin dagþjónusta og vinnustofa fyrir fatlað fólk með skerta starfsgetu. Aðstoð er veitt við að fá og halda vinnu á almennum vinnumarkaði hluta úr degi eða hluta úr viku með eða án aðstoðar. Í Ásbyrgi er endur nýting höfð í hávegum, hlutir eru endur nýttir og seldir á vægu verði. Innkoman er lögð í sameiginlegann sjóð sem nýttur er í að auka lífsgæði þeirra sem þar starfa t.d. hefur hópurinn verið öflugur í að sækja námskeið á vegum Símenntunnar vesturlands.

### **Efniviður sem Ásbyrgi tekur við.**

Efniviður sem Ásbyrgi tekur við til endur nýtingar eru kerta afgangar, tóm sprittkerti, allt lím, gömul föt, umslög með frímerkjum á, gleraugu, áldósir, garn afgangar, glerkrukkur, málningar afgangar, alskyns saumadót og margt fleira.

### **Félagsstarf á vegum Stykkishólmsbæjar**

Sprettur félagsstarf er þriðja miðvikudag í mánuði á Plássinu kl.17.30-19.30

Bodcia er einu sinni í viku þriðjud. Kl. 17.10. Þjálfari. Högni Högnason.

Fatlaðir eiga kost á að stunda almennt íþróttastarf á vegum Snæfells og aðra viðburði með liðveislu.

## **2. Önnur mál.**

- Rætt var um að stofna stuðnings hóp fyrir fatlaða sem tengilið við Snæfell og annað félagsstarf
- Ákveðið að óska eftir fundi með formanni Snæfells um þátttöku barna í íþróttum á vegum Snæfells

**Fundi slitið kl. 19.20**

Hafrún Bylgja Guðmundsd. ( sign. )

Anna Sigríður Traustad. ( sign. )

Högni Högnason ( sign. )

Baldur Þorleifsson ( sign. )

Helga Guðmundsd. ( sign. )